

Héraðsskjalasafn Akraness – Ljósmyndasafn Akraness

Ársskýrsla 2010

Héraðsskjalavörður var í fæðingarorlofi frá janúar og fram í ágúst 2010. Ekki var ráðin manneskja í hans störf en nauðsynlegustu verkefnum var sinnt af hálfu Halldóru Jónsdóttur forstöðumanns og Nönnu Þóru Áskelsdóttur, deildarstjóra á bókasafni Akraness.

Friðþjófur Helgason var ráðinn fullt starf í 7 mánuði við Ljósmyndasafnið, í verkefni m.a. unnin í samvinnu við Akranesstofu.

Héraðsskjalasafn tók við 17 skjalaafhendingum árið 2010.

2305 ljósmyndir voru settar inn á vef Ljósmyndasafnsins.

Sumarið 2010 var átaksverkefni á vegum vinnuskóla Akraness sem fólst í skönnun mynda Grundaskóla og voru þar skannaðar tæplega 5500 myndir. Fyrir verkefninu fór Sigurður Arnar Sigurðsson og Friðþjófur Helgason leiðbeindi þar vinnuskólafólki í skönnun. Tæplega 1/6 þessara mynda er kominn inn á vef Ljósmyndasafns.

Eiríkur Bergmann Henn var í 50% starfi við skönnun frá 14. júní til 27. ágúst. Skannaðar voru ríflega 2000 myndir úr safni Mannamyndasafni Byggðasafnsins að Görðum og er stærstur hluti þeirra mynda kominn inn á vef Ljósmyndasafns.

Berglind Inga Guðmundsdóttir, sumarafleysingamanneskja á Bókasafni Akraness, vann við að skrá safn sr. Jóns M. Guðjónssonar, E-121. 21 skjalaaskja var skráð úr því safni.

Skönnun á öðru efni árið 2010 var 991 gagn.

Samtals voru því um 8500 gögn skönnuð á árinu 2010.

Héraðsskjalasafnið seldi afnot af 3 ljósmyndum frá Hitaveitu Akraness og Borgarness til japanska ríkissjónvarpsins. Þar var samið um notkun myndanna í heimildarmynd um heita vatnið á Íslandi.

Viðburðir:

Fundir:

17. – 18. september: Héraðsskjalavörður sótti Landsfund Upplýsingar í Stykkishólmi.

22. – 23. september: Héraðsskjalavörður sótti haustfund Héraðsskjalavarða á Höfn í Hornafirði.

11. október: Héraðsskjalavörður sótti fund í One-systems ásamt Ragnheiði Þórðardóttur o.fl. af skrifstofum Akraneskaupstaðar.

Jan.- feb.:

Í tilefni af 100 ára afmælis Ungmennafélag Akraness, setti Héraðsskjalasafnið upp sýningu á gögnum úr skjalasafni félagsins. Til sýnis voru m.a. fundargerðabækur og hin merkilegu handskrifuðu blöð, Morgunroðinn (1910-1931) og Sandgerðispósturinn (1924-26).

Vökudagar 28. okt. – 10. nóv. 2010:

Héraðsskjalasafn stóð fyrir sýningunni “Þegar steypu kerin komu á Skagann”. Á sýningunni voru myndir Árna Böðvarssonar frá hafnargerð á Akranesi og dagbækur Benedikts Tómassonar skipstjóra frá Skuld. Auk þess sem fleiri ljósmyndir og skjöl voru sýnd sem tengdust dagskrá frá Snorrastofu um “Hallgrím smala og húsfreyjuna á Bjargi”. Sýningin stóð til 25. nóvember. Hátt í hundrað gestir sóttu kvöldvökuna.

Norræni skjaladagurinn:

13. nóvember var haldinn Norræni skjaladagurinn og af því tilefni var opið hús á Héraðsskjalasafni Akraness. Um 40 gestir mættu og kynntu sér starfsemi safnsins.

Aðrar sýningar:

25. nóv. 2010 - 6. janúar 2011. Héraðsskjalasafn Akraness setti upp sýningu á jólakortum í sal bókasafnsins. Gömul jólakort úr fórum Jóhönnu Þorgeirsdóttur og Guðrúnar Einarsdóttur frá Litla-Teig, voru sett í sýningarkassa og stækkuð upp í veggmyndir. Flest kortin voru frá 1900-1930.

Akranesi 1. mars 2011

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður